

Foreldraráð
Skýrsla stjórnar 2019

- Við í foreldraráði fundum formlega fjórum sinnum á ári, auk þess sem við erum í tölvusambandi okkar á milli og með leikskólastjóra.
- Í vetur var framkvæmd foreldrakönnunin Skólapúlsinn. Í framhaldi af því fórum við yfir niðurstöður könnunarinnar á fundi með skólastjóra. Haldinn var foreldrafundur þar sem við hefðum viljað sjá betri mætingu. Á þessum fundi var foreldrum skipt upp í rýnihópa og mögulegar úrbætur ræddar. Nú þegar er búið að framkvæma flestar þær hugmyndir sem komu úr þeirri vinnu.
- Foreldraráð skrifar undir þagnaskyldu.
- Stjórnarfundir eru haldnir vikulega, öllu jafna, og fær foreldraráð afrit af fundagerðum stjórnar. Þannig erum við í foreldraráði mun meðvitaðri um allt starf og ákvarðanir innan skólans.
- Formaður foreldraráðs sótti fundi síðastliðið vor með flestum formönnum foreldraráða Garðabæjar. Í framhaldi af því var fundur með bæjarstjóra og fræðslustjóra Garðabæjar. Þessi vetfangur er til að koma okkar röddum að, þ.e ræða það sem betur má fara og það sem vel er gert. Þessir fundir eiga að vera árlegir.
- Forvarnarvika Garðabæjar verður haldin 9-16.okt. Í lok vikunnar ætla börnin að fara í samstöðugöngu til að efla vináttu, nánd, samskipti og tengsl. Okkur langar til að viðra það við ykkur hvort við ættum að enda þessa viku, hittast á laugardegi og fara td öll saman:
 - í göngtúr
 - í sund
 - Fleiri hugmyndir..

Er áhugi fyrir því?

Ásta, Íris og Soffía